

5. bekkur samfélagsgreinar

Kennarar: Birna Gunnlaugsdóttir; Þórhildur Guðmundsdóttir

| 5

Lýsing

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði. Í lotunni er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 5.-7. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Í lotunni er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu og sögu. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar.

Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á landnámi Íslands og daglegu lífi á landnámsöld.

Námsefni

Komdu og skoðaðu Landnámið

Víkingaöldi, árin 800-1050

Ísland veröld til að njóta, lesbók og vinnubók

Ísland hér búum við, lesbók og vinnubók

Ýmist ljósritað efni

Kennsluaðferðir

Leitaraðferðir, samvinnuverkefni, sjálfstæð viðfangsefni, umræðu- og spurnaraðferðir. Samþætting við íslenskukennslu.

Námsmat

Safnmappa, stutt könnunarpróf, vinnusemi í tímum, símat.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Lestur og bókmenntir

- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Ritun

- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.
- Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.
- Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.
- Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.
- Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.
- Notað kort og gróf til að afla sér upplýsinga.
- Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.

- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.